

ÁRSSKÝRSLA 2025



SKÝRSLA STJÓRNAR
ÁRSREIKNINGUR 2025
FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026

Aðalfundur
26. nóvember 2025
Garðavöllum, Akranesi

60. starfsár Golfklúbbsins Leynis


Skýrsla stjórnar

Golfsumarið á afmælisári Leynis fór mjög vel af stað eftir mildan og hagfelldan vetur og gott vor. Garðavöllur kom vel undan vetri og var opnað inn á sumarflatir 1. maí. Að venju voru það ómetanlegir sjálfboðaliðar klúbbsins sem fengu þann heiður að opna völinn eftir vel heppnaða vinnudaga að vori.


Veðurfarið í sumar var mun betra en á árinu 2024 þar sem kylfingar biðu í raun eftir sumrinu fram í haustið. Gott hitastig og logn einkenndu sumarið 2025 sem hafði mjög jákvæð áhrif á vallaraðstæður og aðsókn á Garðavöllum.

Gott veðurfar og góðar vallaraðstæður ýta einnig undir góða aðsókn í golfmót. Félagsmenn og gestir Garðavallar voru duglegir að taka þátt í mótahaldi þetta sumarið og var virkilega ánægjulegt að sjá og upplifa t.a.m. gleðina og kraftinn í meistaramóti klúbbsins í júlí en met þátttaka var í mótinu í ár. Það er ljóst að með áframhaldandi fjölgun félagsmanna þarf almennt að huga að breyttri nálgun og fyrirkomulagi á mótahaldi klúbbsins.

Skráðir hringir í Golfboxi sumarið 2025 hafa aldrei verið fleiri á Garðavelli því alls voru skráðir 26.507 hringir frá maí til og með október. Eins og sjá má á súluritinu hér á var umferðin jöfn og þétt yfir allt sumarið, ólíkt sumrinu 2024 sem var mjög kafla skipt. Í



sögulegu samhengi var umferðin á Garðavöllum sumarið 2020 nokkuð sambærileg og í sumar, en aðstæður þá allt aðrar en í ár þar sem Kórónuveirufaraldurinn var í hámarki og golfiðkun og aðrar íþróttir eingöngu leyfðar undir ströngu eftirliti.



Félagsmenn GL voru að vanda duglegir að spila sinn heimavöllum en alls voru 19.417 hringir skráðir á félagsmenn í Golfbox eða rúm 73% sem er aukning úr 69% frá árinu 2024 og í raun það mynstur sem hefur verið stígandi frá árinu 2021. Helst sú tölfræði í hendur við fjölgun félagsmanna í klúbbum. Inn í spili félagsmanna er þátttaka þeirra í innanfélagsmótum á árinu 2025.



Aðalfundur 2024 og verkefni stjórnar

Aðalfundur síðasta árs var haldinn þann 27. nóvember 2024 á Garðavöllum. Fundurinn fór vel fram og gengu umræður vel fyrir sig, sem og þau mál sem þörfuðust afgreiðslu fundarins.

Á aðalfundi GL var kosin stjórn fyrir starfsárið 2025. Stjórn var þannig skipuð:

Hróðmar Halldórsson, formaður.
Óli Björgvin Jónsson, varaformaður.
Ruth Einarsdóttir, gjaldkeri.
Theodór Freyr Hvarsson, ritari.
Elísabet Sæmundsdóttir, meðstjórnandi
Jóhannes Elíasson, varamaður.

Haldnir voru 12 stjórnarfundir á starfsárinu auk óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli.




Á aðalfundi Golfklúbbsins Leynis var tillaga að nýju afmælis lógói kynnt félagsmönnum og var virkilega gaman að sjá og heyra hversu vel fundargestir tóku í breytinguna. Ástæða þess að farið var í þessa vegferð er að eldra lógó var komið til ára sinna, flókið í notkun og hentaði t.a.m. illa í merkingu á fatnaði sem og kostnaðarsamt í merkingu þar sem lógóið inniheldur fimm liti.

Stjórn vildi því nýta tækifærið á afmælisári og hefja ákveða vörumerkjabreytingu t.d. með sölu á ýmsum merktum varningi. Félagsmenn tóku mjög vel í Leynis merktan fatnað og aðrar vörur og má segja að salan hafi farið fram úr öllum væntingum. Bjarki Lúðvíksson grafískur hönnuður og Skagamaður vann með stjórn að nýju lógói, þar sem áhersla var lögð á einfaldleika í útliti og litavali. Einnig var lögð áhersla á að nota nafnið Leynir og horfa til þess að tala um Leynir Golf á merktum varningi. Stjórn vill þakka Bjarka fyrir sína hönnun á nýju lógói og félagsmönnum fyrir jákvæðar undirtektir.

Félagatal Leynis

Félagsmenn GL töldu 824 í lok sumar 2025 auk 104 barna og ungmenna, sem sóttu gjaldfrjálsar æfingar. Heildar fjöldi félagsmanna telja því nú í lok árs alls 928 en voru sumarið 2024 alls 880 sem gerir um 5% fjölgun á milli ára. Sú fjölgun er töluvert minni en hefur verið á liðnum árum en hluti skýringanna má t.a.m. finna í færri fjaraðildarfélögum og aflögðu makagjaldi.



Metnaður stjórnar stendur til að fjölga félagsmönnum áfram á komandi árum og gera klúbbinn þar af leiðandi sjálfbærari í rekstri. Markvisst hefur sjónarhorninu verið beint að fjölgun í barna- og ungmennastarfi en það er sannarlega ein mikilvægasta leiðin til að skapa framtíðar félagsmenn þegar til lengri tíma er litið. Stjórn Leynis hefur lagt í markvissa vinnu í öflun styrktaraðila fyrir barna- og unglingastarf félagsins á s.l.

tveimur árum, sem standa að mestu undir gjaldfrjálsum sumar æfingum. Óhætt er að segja að uppskeran sé frábær því yfir 100 börn hafa sótt æfingar bæði sumarið 2024 og 2025. Til marks um vel heppnað framtak hafa mörg börn skilað sér inn í vetrarstarfið eftir að hafa fengið tækifæri á að kynnst íþróttinni á þennan hátt. Nú eru nærri 70 börn að æfa golf undir leiðsögn íþróttastjóra en fjöldinn er að nálgast tvöföldun á milli ára líkt og á árunum 2023 til 2024.

Þá er hlutfall kvenna í Leyni 28% sem er örlítið lægra en í golfhreyfingunni á Íslandi en þar er hlutfallið um 34%. Stjórn Leynis hefur mikinn hug á að efla gott starf Leyniskvenna og fjölga þar af leiðandi konum jafnt og þétt í félagsstarfinu og skorar á konur að vinna að þeirri vegferð með klúbbum.

Með frekari fjölgun félagsmanna skapast betri rekstrarskilyrði þar sem stærri hlutfall fastra tekna koma inn með árgjöldum, sem gerir klúbbinn minna háðum utanaðkomandi styrkjum sem og vallar- og mótatekjum.


Fjaraðildarfélögum frá nærliggjandi sveitarfélögum fækkaði um 19 á milli ára, úr 155 í 136 sumarið 2025. Hluta skýringarinnar má t.a.m. rekja til þess að fleiri golfklúbbar í



nágrenni höfuðborgarsvæðisins buðu í ár slíka aðild á mun lægra verði en Leynir.

Nýliðun í ár var mjög góð en 58 kylfingar gerðust meðlimir í golfhreyfingunni í fyrsta sinn innan raða Leynis. Stjórn Leynis vill bjóða alla þá félagsmenn sem gengu í klúbbinn í ár sérstaklega velkomna og vonast til að sjá þá að nýju næsta vor eins og alla aðra félagsmenn.

Hér á eftir má sjá hvernig félagatal Leynis skiptist eftir gjaldaflokkum. Ánægjulegt er að sjá að fullgreiðandi félagsmönnum heldur áfram að fjölga á milli ára. Eins er mjög jákvætt að sjá mikla fjölgun í gjaldaflokknum 26 ára og yngri.



Félagsstarfið í Leyni var mjög blómlegt á starfsárinu 2025. Félagsmenn voru duglegir að nýta sér alla aðstöðu félagsins ásamt golfhermi í kjallara Garðavalla yfir vetrarmánuðina.

Ný tímabundin inniaðstaða Leynis

Nú er komið að kaflaskilum í inniaðstöðumálum klúbbsins. Við kveðjum kjallarann sem æfingaaðstöðu á Garðavöllum og munum í vetur opna nýja og glæsilega inniaðstöðu á Kalmansvöllum 1. Stjórn, starfsmenn og sjálfboðaliðar munu nú næstu vikur þurfa að vinna að fullum krafti í nýrri aðstöðu og er mikil eftirvænting fyrir því að sýna félagsmönnum afraksturinn þegar að því kemur. Stjórn Leynis fagnar því samkomulagi sem náðist við Akraneskaupstað um aðkomu bæjarins að þessu verkefni því án aðkomu sveitarfélags væri þetta ekki gerlegt. Samkomulagið hefur í för með sér að Leynir mun að öllu óbreyttu ekki selja út tíma í golfhermi í fyrstu, en sú ákvörðun verður endurmetin haustið 2026.

Verkefni Leynis um framtíðarlausn í innanhúsmálum er nú orðið raunverulegt verkefni og vonast stjórn til þess að klára þá vinnu á næstu 2 til 3 árum undir leiðsögn sérstakrar nefndar sem skipuð verður af stjórn á nýju ári.

Andlitslyfting á Garðavöllum og nýr rekstraraðili veitinga

Eigendur veitingahússins Galito á Akranesi tóku við veitingarekstri á Garðavöllum undir nafninu Leynir Bistro. Stjórn Leynis þakkar þeim Sigurjóni og Þórði sem og þeirra góða starfsfólki fyrir virkilega gott samstarf á árinu.



Samhliða vertaskiptum á Garðavöllum réðust stjórn og sjálfbóðaliðar Leynis í kærkomnar breytingar á aðstöðu klúbbsins vorið 2025. Rut Sigurmonsdóttir, Skagakona og hönnuður hjá Basalt, var fengin til liðs við klúbbinn og kom hún fram með góðar hugmyndir sem nýttust vel. Stjórn Leynis er hvergi nærri hætt í að sýna metnað sinn í fegrun umhverfis og aðstöðumálum klúbbsins og í samvinnu við Leyni Bistro fetum við veginn fram og gerum enn meir á komandi tímum.

Áskoranir fram undan

Áskoranir Golfklúbbsins Leynis á komandi árum eru miklar, bæði sem snúa að framkvæmdum og viðhaldi á Garðavelli ásamt fjárfestingum í tækjum og búnaði með það að markmiði að gera klúbbinn sem mest sjálfbæran í umhirðu og rekstri. Golfklúbburinn Leynir hefur á liðnum árum bætt verulega við tækjakost klúbbsins og lagt drög að frekari kaupum á komandi árum.

Samhliða rafmagnsvæðingu og lagningu vökvunarkerfis á Garðavöllum er stefnan tekin á að fjölga slátturóbótum og nýta þá í auknu mæli á efri hluta Garðavallar. Notkun slátturóbóta er mikil bylting í rekstri og umhirðu golfvalla og hefur vallarstjóri Leynis lagt drög að notkun slíks tækjabúnaðar á Garðavöllum á komandi árum.

Golfklúbburinn Leynir og Akraneskaupstaður hafa ekki náð að klára samkomulag sín á milli um skipulagsmál Garðavallar. Stjórn Leynis var vongóð um að ljúka þeirri vinnu ásamt viljayfirlýsingu um stækkun Garðavallar á 60 ára afmælisári, en úr því var ekki. Samtalið er þó komið af stað og verður þungi lagt í verkefnið á nýju ári.

Stjórn Leynis stefnir á að halda öflugan félagsfund næsta vor þar sem staða klúbbsins verður krufin og markmið fyrir komandi framtíð verði mörkuð. Að mörgu er að taka á slíkum fundi og til að gera fundinn skilvirkan þarf undirbúningur og þátttaka að vera góð. Stjórn biðlar til félagsmanna og forsvarsmanna bæjaryfirvalda að mæta á fundinn en hann verður auglýstur sérstaklega þegar nær dregur.

Mikil vinna hefur farið í að undirbúa og hanna breytingar á 18. holi Garðavallar. Nú er stefnan tekin á að hefja framkvæmdir við að byggja upp nýja og stærri flöt ásamt því að laga forflöt, teiga og braut haustið 2026. Slík framkvæmd hefur óneitanlega ákveðið rask í för með sér en til að lágmarka slíkt og halda í 18 holi golfvöll verða breytingarnar eftirfarandi. Frá 4. holi verður leikið inn á gömlu 4. flötina og nýtt teigstæði fyrir þar 3. holi verður sett framan við tjörn á núverandi 4. flöt sem verður hola 5. Þannig veður 5. hola að 6. holi og svo koll af kolli. Endað verður á núverandi 17. braut sem verður 18. braut fram að framkvæmdalokum.

Árspaning ÍA 2025

Á 81. árspaningi ÍA sem haldið var 9. apríl 2025 að Dalbraut 4, sal eldri borgara á Akranesi voru félagsmenn Leynis, þeir Alfreð Þór Alfreðsson, Guðjón Viðar Guðjónsson og Eiríkur Jónsson sæmdir bandalagsmerki ÍA. Stjórn óskar þeim innilega til hamingju með nafnbótina og heiðursviðurkenninguna, með þeim óskum fylgja þakkir fyrir frábært starf í þágu klúbbsins á liðnum árum.



Hola í höggi á Garðavelli

Þrír félagsmenn unnu það afrek að fara holu í höggi á Garðavelli í sumar. Fyrstur til þess þetta sumarið var hinn 14 ára gamli kylfingur Viktor Logi Björnsson þann 24. maí á 14. holu í Opna Norðurálsmótinu. Næstur í röðinni var Sverrir Mar Smárasen en draumahöggið sló hann 25. ágúst á 3. holu. Þá var það Ingunn Ríkharðsdóttir sem fór holu í höggi þann 16. september einnig á 3. holu. Að auki þann 28. ágúst fór Engilbert Runólfsson holu í höggi á 3. braut en um annað högg af teig var að ræða í því tilfelli, en engu að síður draumahögg. Golfklúbburinn Leynir óskar einherjum klúbbsins innilega til hamingju með draumahögginn sín.



Sveitakeppnir og afreksfólk GL

Landsmót golfklúbba 19-23 ára var haldið í Kiðjabergi daganna 10.-11. júní síðast liðin. Leynir sendi sveit til leiks sem endaði í 3. sæti. Sveitin var skipuð af Kára Kristvinssyni, Tristani Frey Traustasyni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Nóa Claxton og Bjarka Brynjarssyni sem var einnig liðstjóri.



Íslandsmót golfklúbba í 2. deild karla fór fram á Flúðum dagana 23.-25. júlí. Átta golfklúbbar kepptu um eitt laust sæti í 1. deild að ári. Leynir sendi vaska sveit til leiks sem skipuð var kylfingunum, Birki Þór Baldurssyni sem einnig var liðsstjóri, Tristani Frey Traustasyni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Kára Kristvinssyni, Nóa Claxton, Kristvin Bjarnasyni, Birni Viktori Viktorssyni og Viktori Inga Einarssyni. Keppnin var æsi spennandi þar sem sveit Bolungavíkur og Leynis spiluðu um gullið en sigurinn réðst í bráðabana á 19. holu. Að þessu sinni fengu Leynismenn silfur sem er frábær árangur og veit á gott inn í næstu ár. Leynir sendir karlasveit klúbbsins hamingjuóskir með silfrið.



Íslandsmót golfklúbba í 2. deild kvenna fór fram á Garðavelli, Akranesi, dagana 24.-26. júlí. Tíu golfklúbbar kepptu um eitt laust sæti í 1. deild að ári. Leynir sendi góða sveit til leiks sem skipuð var kylfingunum Ruth Einarsdóttur sem einnig var liðsstjóri,

Helgu Rún Guðmundsdóttur, Elísabetu Valdimarsdóttur, Maríu Björgu Sveinsdóttur, Helenu Rut Steinsdóttur og Elínu Önnu Viktorsdóttur.

Golfklúbburinn Leynir keppti við Golfklúbb Borgarness um bronsið og réðust úrslitin ekki fyrr en á 18. holu þegar María Björg setti niður um 5 metra pútt fyrir sigri Leyniskvenna. Frábær árangur hjá kvennasveit Leynis og færir stjórn stelpunum hamingjuóskir með bronsið.



Karlasveit Leynis 65 ára og eldri lék í 2. deild í Hveragerði og gerði góða hluti. Sveitin vann sinn riðil með góðri spilamennsku en endaði í 4. sæti deildarinnar. Sveitina skipuðu: Björn Halldór Björnsson, Björn Bergmann Þórhallsson, Halldór B. Hallgrímsson sem var jafnframt liðsstjóri, Jóhann Sigurðsson og Valentínus Ólason.



Íslandsmót golfklúbba 2025 í 1. deild karla 50 ára og eldri fór fram á Hólmsvelli á Suðurnesjum 21.-23. ágúst. Golfklúbburinn Leynir sendi vaska sveit til leiks sem endaði í 6. sæti af 8 liðum og heldur sæti sínu í fyrstu deild að ári. Sveitin var skipuð þeim: Sigurði Elvari Þórólfssyni, Kristjáni Kristjánssyni, Dean Martin, Kristvini Bjarnasyni, Jóhannesi K. Ármannssyni, Þórði Emil Ólafssyni sem jafnframt var liðsstjóri, Þórði Má Jóhannessyni og Péttri Vilbergi Georgssyni



Íslandsmót golfklúbba 2025 í 1. deild kvenna 50 ára og eldri fór fram dagana 21.- 23. ágúst í Vestmannaeyjum. Golfklúbburinn Leynir sendi sveit til leiks sem skipuð var þeim Maríu Björgu Sveinsdóttur, Ellen Blumenstein, Helgu Rún Guðmundsdóttur, Berglindi Helgu Jóhannsdóttur, Ellu Maríu Gunnarsdóttur sem einnig var liðsstjóri, Elísabet Valdimarsdóttur, Ellen Ólafsdóttur og Ruth Einarsdóttur. Sveit Leynis stóð sig vel, endaði í 6. sæti og heldur þær sæti sínu í fyrstu deild að ári.



Golfklúbburinn Leynir tók þátt í sveitakeppni unglunga í aldursflokknum 15-18 ára pílta og stúlkna, 14 ára og yngri dagana 26.-28. júní og 12 ára og yngri dagana 19.-21. júní. Leikið var á Hellu, Sandgerði og GKG/GR/GM. Allar sveitirnar stóðu sig vel og endaði sveit 15-18 ára pílta í 5. sæti og stúlkurnar í 7. sæti eftir harða keppni. Sveit Leynis 14 ára og yngri stóðu sig vel við erfiðar aðstæður og 12 ára og yngri sveitin hafnaði í 2. sæti í sinni deild. Sveitir Leynis skipuðu:



U14

Marínó Sturluson
Birkir Andri Áskelsson
Ernir Kristvinsson
Davíð Logi Atlason
Stefán Indriði Ragnarsson
Viktor Logi Björnsson

15-18 Piltar

Bergur Ernir Karlsson
Bragi Friðrik Bjarnason
Arnar Gunnarsson
Sigurður Brynjarsson
Theodór Smári Þorsteinsson
Guðlaugur Þór Þórðarson

U12

Sturla Björnsson
Sigurður Örn Einarsson
Bjarnfríður H. Þorsteinsdóttir
Jón Örn Jónsson

15-18 Stúlkur

Elín Anna Viktorsdóttir
Viktoría Vala Hrafnisdóttir
Lena Björk Bjarkadóttir
Dagbjört Sísí Einarsdóttir (GSS)
Gígja Rós Bjarnadóttir (GSS)

Úr afreksstarfi Leynis má nefna frábært ár hjá Guðlaugi Þór Þórðarsyni. Hann sigraði Íslandsmót unglunga í högggleik örugglega en mótið fór fram í Þorlákshöfn. Viku seinna hafnaði Guðlaugur Þór í öðru sæti á Íslandsmóti unglunga í holukeppni eftir æsispennandi úrslitaviðureign á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ. Sigurður Brynjarsson og Bergur Ernir Karlsson tóku einnig þátt og gerðu heiðarlega tilraun að niðurskurðinum.

Þá hafnaði Guðlaugur í 3. sæti í fyrsta unglingamóti ársins sem haldið var á Akranesi í maí. Einnig má nefna frábæran hring hjá Bergi Erni Karlssyni sem var í 2. sæti eftir fyrsta hring á unglingamóti á Flúðum í sumar.

Leynir átti marga keppendur á Íslandsmótum í ár. Guðlaugur Þór var þó eini kylfingur Leynis á Íslandsmótinu í högggleik í ár. Hann komst inn í mótið gegnum undankeppni. Tristan Freyr reyndi fyrir sér í undankeppninni en það tókst ekki í þetta skiptið.

Á Íslandsmóti 14 ára og yngri átti Leynir 4 keppendur, Erni Kristvinsson, Stefán Indriða Ragnarsson, Viktor Loga Björnsson og Marínó Sturluson. Allir stóðu þeir sig með prýði.



Lokaorð formanns

Vegferð og vöxtur Golfklúbbsins Leynis heldur áfram samhliða stórsókn íþróttarinnar um land allt.

Það er og verður áfram keppikefli stjórnar að efla Garðavöll sem keppnisvöll sem og til yndisauka fyrir hinn almenna félagsmann. Það höfum við gert og munum áfram gera fjárfesta ríkulega í bættum vélakosti, auk viðhaldsaðgerða eða teigframkvæmda á Garðavelli. Fram undan er jafnframt spennandi verkefni við upptöku 18. grínsins næsta haust. Við ætlum okkur áfram að leggja aukinn þunga í barna og unglingastarfs félagsins með stórbættri innanhúsaðstöðu, æfingaferð til Spánar á vormánuðum í bland við almennar æfingar.

Kæru félagsmenn, þið sjáið að verkefnin eru næg og áskoranirnar sömuleiðis. Heildarárgjöld félagsmanna GL stóðu undir 77% af öllum launakostnaði Garðavallar sumarið 2024, og eftir nauðsynlega breytingu á árgjaldaskrá félagsins á síðasta aðalfundi þá stendur félagið enn í sömu stöðu hvað þetta hlutfall varðar. Samhliða auknum félagafjölda og umferð á Garðavöll aukast verkefnin og kröfur til bættrar þjónustu á öllum sviðum. Við sem félag viljum mæta þeim áskorunum áfram með miklum metnaði og horfa til þess hvernig við getum bætt okkur ár hvert. Í því samhengi fylgist stjórn Leynis ávallt vel með því hvernig samanburðarklúbbar halda utan um sinn rekstur. Verkefnið er enn sem áður að fjölga áfram hinum fullgreiðandi félagsmanni GL, með það fyrir augum að árgjöld félagsmanna standi að mestu undir launum og launatengdum gjöldum. En þá á auðvitað eftir að mæta öðrum kostnaði t.a.m. rekstri Garðarvallar og golfskála með öðrum hætti.

Golfíþróttin er að verða uppseld á höfuðborgarsvæðinu, biðlistarnir lengjast á sama tíma og engin stækkun golfvalla er fyrirhuguð í nánustu framtíð, ef frá eru taldir 9 holur í Hafnarfirði. Það var þess vegna sem stjórn sá færi og leitaði á náðir Akraneskaupstaðar með metnaðarfulla kynningu um stækkun Garðavallar í 27 holur, snemma árs 2023 auk þess að fá í gildi lóðaleigusamning um nógildandi deiliskipulag Garðavallar. Í stuttu máli má segja að okkur hafi lítið orðið ágengt síðan þá, en stjórn GL er þó í virku samtali við bæjaryfirvöld og aldrei að vita hvað gerist í vetur, það eru jú kosningar næsta vor.

Síðastliðið rekstrarár er það stærsta í sögu félagsins, alveg sama hvert lítið er, veltulega séð, fjölda spilaðra hringja eða fjölda félagsmanna. Það er árangur sem auðvitað næst ekki nema með samstilltu átaki, stjórnar, starfsmanna og allra félagsmanna.

Fyrir hönd stjórnar vil ég að lokum þakka framkvæmdastjóra félagsins fyrir traust ut anumhald og flottan rekstur á árinu sem er að líða. Ég vil þakka okkar frábæra teymi sem og sumarstarfsfólki út á velli fyrir að bjóða upp á frábæran Garðavöll enn eitt sumarið. Auk þess vil ég þakka skrifstofu og þjónustustjóra fyrir kröftuga innkomu í starf félagsins sem og íþróttastjóra félagsins fyrir öflugt framlag við barna og unglingastarf félagsins. Síðast en ekki síst þá vil ég þakka öllum sjálfboðaliðum, sumarstarfsfólki sem og nefndarfólki félagsins fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins á árinu sem er að líða.

*Akranesi, 17. nóvember 2025
Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis
Hróðmar Halldórsson, formaður*

Skýrsla framkvæmdastjóra

Það er ávallt við hæfi að byrja þessa skýrslu og yfirferð á að þakka innilega öllum félagsmönnum, stjórn, nefndum og samstarfsfólki fyrir gott og ánægjulegt samstarf á starfsárinu. Golfvertíðin í ár var virkilega góð fyrir margar sakir eins og farið hefur verið yfir í skýrslu stjórnar.

Starfsmenn GL voru 28 þegar mest lét frá vori til hausts en þeir voru þó með mismikla viðveru yfir sumarið. Því til viðbótar má telja nokkra félagsmenn sem ávallt voru tilbúnir að hlaupa í skarðið ef upp á vantaði. Í því samhengi vil ég sérstaklega þakka Halldóri F. Jónssyni fyrir sitt framlag til Garðavallar í ár, það er ómetanlegt eins og alltaf. Heilsárs stöðugildi á árinu voru sex.

Akraneskaupstaður hefur stutt vel við bakið á klúbbnum í sumar líkt og undanfarin ár. Níu ungmenni úr unglingavinnunni störfuðu við ýmis verk á og við Garðavöll og færur við kaupstaðnum bestu þakkir fyrir þann stuðning.

Styrktaraðilar GL, stórir sem smáir, eru afar dýrmætir bakhjarlar klúbbsins og færi ég þeim bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu 2025. Nokkrir nýir styrktaraðilar bættust í hópinn í sumar og færur við þeim bestu þakkir fyrir samstarfið og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Rekstrarniðurstaða Golfklúbbsins Leynis fyrir árið 2025 var góð þrátt og spilaði veður blíðan sinn þátt í þeirri niðurstöðu. Áfram var haldið áfram með fjárfestingar á árinu 2025 en stærsta fjárfestingin í vélum var nýr traktor og gatari. Alls voru fjárfestingar á árinu rúmar 16 m.kr. Þörfin á endurnýjun á vélabúnaði er ávallt brýn og óumflýjanleg en tækjakostur vallarins þarf að endurspegla gæði hans hverju sinni. Að því sögðu stefnir GL að frekari fjárfestingum á komandi árum en búið er að handsala kaup á tveimur nýjum stórum slátturóbótum. Verkefnið verður áfram að hagræða í tækjaflotanum ásamt því að halda áfram með útbreiðslu vökvunarkerfis og rafmagns á Garðavöll.

Eiginfjársaða klúbbsins hefur verið sterk og var stærstur hluti fjárfestinga á árinu staðgreiddur. Eitt tækjakaupa lán hjá Landsbankanum var tekið á árinu upp á 7 m.kr. en eldri lán sem tekið var 2024 var greitt upp að fullu í lok rekstrarárs um 6.5 m.kr. Golfklúbburinn Leynir heldur áfram að greiða niður skuld við Akraneskaupstað vegna

umfram kostnaðar við byggingu Frístundamiðstöðvarinnar, Garðavalla. Í ár nam niðurgreiðslan um rúmar 1.5 m.kr. en eingöngu með vinnuframlagi.

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur hækkuðu um rúmar 32 m.kr. á milli ára eða um 18%. Helsta skýring þess er aukning á félagsgjöldum, aukning á rekstrarframlögum og styrkjum og hækkun á leigutekjum.

Aukning félagsgjalda nemur um 29% á milli ára eða úr um 62 m.kr. á árinu 2024 í rúmar 80 m.kr. á árinu 2025. Tekjur af velli hækka um tæpar 3 m.kr. á milli ára en hér er um að ræða vallargjöld, vallarleigu og tekjur GL af slætti á opnum svæðum fyrir Akraneskaupstað.

Rekstrargjöldin á árinu eru um 179 m.kr. sem er um 7 m.kr. meira en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Helstu þættir sem fóru fram úr áætlun er rekstur Garðavallar um 5 m.kr. vörukaup í verslun GL og rekstur Garðavalla, Frístundamiðstöðvar. Sökum góðrar tíðar í sumar gafst aukið svigrúm í framkvæmdir, áburðargjöf og sáningu sem á eftir að reynast okkur vel. Á afmælisári var tekin ákvörðun um að Garðavellir Frístundamiðstöð og verslun Leynis myndi fá andlitslyftingu en sá kostnaður sem og kostnaður vegna skipta á rekstraraðila veitinga vógu þyngst í rekstur hússins í ár. Laun og launatengd gjöld eru á áætlun ársins sem er ánægjulegt.

Rekstrarafkoma klúbbsins er jákvæð um rúmar 29 m.kr. fyrir fjármagnsliði og afskriftir. Eftir afskriftir rekstrarfjármuna og fjármagnsliði skilar rekstur GL rúmum 9 m.kr. í afgang.

*Akranesj, 21. nóvember 2025
Rakel Óskarsdóttir
Framkvæmdastjóri GL*

Skýrsla barna-, unglinga- og afreksnefndar

Í stjórn barna-, unglinga- og afreksnefndar til 31. ágúst 2025 sátu:

- Hekla Gunnarsdóttir, formaður
- Björn Óskar Andrésson
- Svala Ýr Smáradóttir
- Trausti Jónsson

Tengiliður stjórnar við BUA nefnd var Hróðmar Halldórsson

Starfsárið 2025 endaði með 60 iðkendur skráða á fullar æfingar. Mest fjölgun var á aldrinum 6-9 ára sem er mikið gleðiefni eftir mikla vinnu í endurnýjun síðustu tvö ár. Í vetur var tekið á móti 20 hressum stelpum á "Pop up" stelpu dögum. Við vonum að sjá margar af þeim á golfvöllinum á næstu árum.



Sumaræfingar héldu áfram frá árinu í fyrra. Rúmlega 100 krakkar á grunnskólaaldri voru skráð á æfingarnar og var mikil gleði og gaman tvisvar í viku. Æfingarnar eiga að kynna krakkanna fyrir hversu skemmtileg íþróttin okkar er. Í Heildina árið 2025 voru því yfir 170 krakkar að æfa golf yfir árið.

Skipulagðar æfingar breyttust lítillega á árinu í fyrra. Vegna fjölda iðkenda var æfingahópum fjölgað í þrjá. Afrekshópur æfði 4-5 sinnum í viku auk styrktaræfingar hjá 300 þjálfun, 13-16+ ára hópur æfði 3-4 sinnum í viku og 12 ára og yngri hópur æfði 2-3 í viku. Það er stefna GL að halda áfram að íþróttavæða golfíþróttina með styrktar-, samhæfingar og jafnvægisæfingum.

Birkir Þór, íþróttarstjóri Leynis sá um allar æfingar. Hann fylgdi þeim á öll mót að undanskildum nokkrum hringjum þegar skörun var á mótaroðum. Birki innan handar voru Tristan Freyr, Elín Anna, Vala María og Bragi Friðrik, þau aðstoðuðu við þjálfun á fríu sumar æfingunum sem og undan um hald á yngstu kylfingunum okkar á Golfhátíðinni sem var haldin á Akranesi í sumar.



Árangur úr starfinu

Leynir átti 20 keppendur á mótaröðum á vegum GSÍ í ár. Margir að spila á sínum fyrsti mótum sem er mikið gleðiefni. Guðlaugur Þór átti frábært sumar þar sem hann varð Íslandsmeistari unglunga og endaði í 3. sæti á stigalista GSÍ 17-18 ára.

Guðlaugur Þór var eini kylfingur GL á Íslandsmótinu í golfi í ár. Hann komst inn í mótið í gegnum undankeppni. Tristan Freyr reyndi fyrir sér í undankeppninni en það tókst ekki í þetta skiptið.



Guðlaugur átti frábært ár. Hann sigraði Íslandsmót unglunga í högggleik örugglega sem fór fram í Þorlákshöfn. Viku seinna hafnaði hann í öðru sæti á Íslandsmóti unglunga í holukeppni eftir æsispennandi úrslitaviðureign. Bergur Ernir Karlsson, Sigurður Brynjarsson og Auðun Atli Scott tóku einnig þátt í Íslandsmóti

unglinga 15-18 ára.

Á Íslandsmóti 14 ára og yngri átti GL 4 keppendur. Ernir Kristvinsson, Stefán Indriði Ragnarsson, Viktor Logi Björnsson og Marinó Sturluson kepptu allir og stóðu sig með þryði.

GL sendi frá sér lið í öllum aldurshópum í ár. Lið voru send í Íslandsmót golfklúbba í flokkum 12 ára og yngri, 14 ára og yngri, 15-18 ára piltar og 15-18 ára stúlkna.

Íslandsmót 15-18 var haldið á Hellu. Piltarnir höfnuðu í 5. sæti og stúlkurnar sem voru í sameinaðri sveit með GSS höfnuðu í 7. sæti.

Íslandsmót 14 ára og yngri var haldið í Sandgerði við erfiðar aðstæður. Strákarnir okkar stóðu sig vel þrátt fyrir mikla rigningu og rok.

Íslandsmót 12 ára og yngri var haldið í GKG, GM og GR. Það var mikið fjör þessa þrjá daga og margar skemmtilegar minningar fóru í bankann hjá krökkunum.

Fróðleikur úr starfinu

Haldið var í æfingaferð til Portúgal í byrjun apríl. Áfangastaðurinn þetta árið var Morgado, þar eru tveir flottir 18 holu vellir og góð æfingaaðstaða. 15 iðkendur fóru með í ferðina ásamt 6 foreldrum. Ferðin var vel heppnuð þar sem krakkarnir æfðu og spiluðu golf allan liðlangan daginn. Markmið BUA nefndar hefur verið að fara árlega í æfingaferð erlendis því það hvetur



krakka til auka æfinga og kynnir krakkana fyrir golfi í öðruvísi aðstæðum. Svona ferðir eiga einnig þátt í að kveikja áhuga nýrri kylfinga á íþróttinni og gefur okkur gott tækifæri til að móta fleiri kylfinga.



Loka Shootout barna og unglunga fór fram um miðjan október. 22 kylfingar hófu leik á fyrsta teig en það var Sigurður Brynjarsson sem stóð uppi sem sigurvegari eftir hörku keppni. Shootout BUA hefur verið skemmtilega leið til að loka golf sumrinu á hverju ári og það breyttist ekkert í ár.



*Akranesi, 20. október, 2025.
Fyrir hönd barna-, unglunga- og afreknefndar
Birkir Þór Baldursson, Íþróttastjóri.*

Skýrsla mótanefndar

Starfsemi GL hefur verið mjög kröftug undandarin misseri sem hefur endurspeglast í mikilli fjölgun félagsmanna og aukinni iðkun. Einnig hefur Golfíþróttin aldrei verið vinsælla á landsvísu. Allt hefur þetta áhrif á umferð um Garðavöll sem og aukin áhuga kylfinga á þátttöku í mótum, bæði innanfélags sem og opnum mótum.

Í mótanefnd sátu, Hafsteinn Víðir Gunnarsson (formaður), Þórður Elíasson, Búi Örlygsson, Birkir Guðmundarson og Alex Kári Kristjánsson.


Mótahald hefur verið með hefðbundnum hætti undanfarin ár. Haldin voru 4 opin mót, 2 opin kvennamót, tvær innanfélags mótaraðir, 5 innanfélagsmót, 3 innanfélagsmót kvenna og Meistaramót.

Alls tóku 880 þátt í opnum mótum í sumar, saman borið við 961 í fyrra. Í ár féllu Opna Akranesmótið og Fyrirtækjamótið niður vegna veðurs. Þátttaka í opnum kvennamótum var 209, en var 219 í sömu mótum árið áður.

1.224 tóku þátt í innanfélags og meistaramótum í ár, samanborið við 971 í fyrra.

Einnig fóru fram á Garðavelli fjöldi lokaðra móta á vegum fyrirtækja og félagasamtaka.

Meistaramót Leynis fór fram 8.-12. júlí. 216 kylfingar voru skráðir til leiks sem er met þátttaka í Meistaramóti.



Klúbbmeistari karla í ár er Tristan Freyr Traustason, en mótið í ár var afar jafnt og spennandi. Klúbbmeistari kvenna er Elín Anna Viktorsdóttir sem sigraði að lokum örugglega. Það má með sanni segja að yngri kynslóðin hafi slegið í gegn í ár.



Fuglaleikurinn var endurtekin í samvinnu við Skipavík og söfnuðust 200.000,- krónur sem runnu til hjóanna Önnu Guðrúnar Sigurðardóttur og Egils Finnbogasonar vegna veikindar sonar þeirra.

Mótanefnd færir starfsmönnum GL þakki fyrir framkvæmd mótsins, sem var þeim til mikils sóma, sem og öllum þeim sjálfbóðaliðum sem lögðu sitt af mörkum til þess að mótið gæti farið fram. Enn og aftur eru Sigurði Elvari Þórólfssyni færðar þakki fyrir að festa söguna á „filmu“.

60 ára afmælistmót var haldið í júní og var vel sótt af félagsmönnum og heppnaðist vel. Sama má segja um Opna Aukakrónumótið - styrktarmót barna og unglingastarfs Leynis, sem fram fór um Verslunarmannahelgina. Það mót vex með hverju ári en alls tóku 160 manns þátt í ár og komast varla fleiri að.

Hjóna- og paramótið fór fram laugardaginn 31. maí og var enn og aftur uppselt. Dineout er styrktaraðili mótsins og færur við þeim sérstakar þakkir fyrir frábært samstarf og velvild í garð klúbbsins. Til skoðunar er hvort hægt sé að stækka mótið og breyta leikfyrirkomulagi



Bændaglíman batt svo enda á mótahald ársins, en þar áttust við bræðurnir og okkar bestu kylfingar í gegnum tíðina, þeir Þórður Emil og Stefán Orri Ólafssynir.

Skemmst er frá því að segja að lið Stefáns vann með nokkrum yfirburðum. Þátttaka var frábær og fullt var í mótið og komust færri að en vildu.

Miðvikudagsmótin eru fastur punktur í golf-sumrinu fyrir marga félagsmenn. Mótanefnd þakkar Landsbankanum og SF smiðum fyrir samstarfið og aðkomu þeirra að miðvikudagsmótunum í ár.

Mótanefnd þakkar öllum samstarfsaðilum fyrir þeirra framlag og þeim fjölmörgu kylfingum sem tóku virkan þátt í mótum sumarsins fyrir skemmtilegt golf sumar

Að lokum. Eins og fram koma að ofan hefur áhugi á golfíþróttinni áhrif á starfsemi klúbbsins og því væri ekki úr vegi að fara í stefnumótunarvinnu varðandi allt mótahald klúbbsins til að vera í takt við aukningu félagsmanna á ýmsum aldri og aukna umferð á vellinum. Vert er að skoða hvaða fyrirkomulag hentar breyttu umhverfi.

Akranesj, 3. nóvember 2025

F.h. mótanefndar

Hafsteinn Gunnarsson, formaður.

Úrslit í Meistaramóti GL 2025:

Meistaraflokkur karla. 4 dagar:

1. Tristan Freyr Traustason 306 högg
2. Stefán Orri Ólafsson 307
2. Guðlaugur Þór Þórðarson 308 högg

1. flokkur Kvenna. 4 dagar:

1. Elín Anna Víktorsdóttir 342 högg
2. María Björg Sveinsdóttir 347 högg
3. Arna Magnúsdóttir 348 högg

1. flokkur karla, 4 dagar:

1. Kristján Kristjánsson 314 högg
2. Andri Már Marteinsson 316 högg
3. Hróðmar Halldórsson 317 högg

2. flokkur karla, 4 dagar:

1. Þorsteinn Jónsson 325 högg
2. Haraldur Sturlaugsson 335 högg
3. Sigurður Brynjarsson 346 högg – bráðabani

2. flokkur kvenna, 4 dagar:

1. Berglind Helga Jóhannsdóttir 373 högg
2. Dána Carmen Izaguirre 389 högg
3. Sara María Ólafsdóttir 391 högg

3. flokkur karla, 4 dagar:

1. Páll Sindri Einarsson 356 högg
2. Unnar H Eyfjörð Fannarsson 357 högg
2. Haukur Atli Hjálmarsson 362 högg

3. flokkur kvenna, 3 dagar:

1. Steindóra Steinsdóttir 312 högg
2. Bergþóra Sigurðardóttir 319 högg
3. Ingibjörg Barðadóttir 320 högg

4. flokkur karla, 4 dagar:

1. Róbert M. Reynisson 414 högg
2. Guðmundur Sveinsson 427 högg
3. Hákon Ingi Einarsson 432 högg

4. flokkur kvenna, 3 dagar - punktkeppni:

1. Birgitta L. Olgeirsdóttir 113 puntar
2. Ingibjörg Valdirmarsdóttir 91 puntar
3. Harpa S. Másdóttir 77 puntar

Öldungar karlar +50, 4 dagar:

1. Dean Martin 327 högg
2. Heimir Bergmann Hauksson 328 högg
3. Guðmundur Hreiðarsson 333 högg

Öldungar kvenna +60, 3 dagar:

1. Katla Hallsdóttir 322 högg
2. Þóranna Halldórsdóttir 326 högg
3. Eygló Grímsdóttir 334 högg

Öldungar karlar +65, 3 dagar:

1. Halldór B. Hallgrímsson 235 högg
2. Hinrik Árni Bóasson 259 högg
3. Lárus Hjaltested 267 högg

Öldungar karlar +75, 3 dagar:

1. Hjötur Júlíusson 273 högg
2. Reynir Þorsteinsson 277 högg

Opinn flokkur kvenna- og karla, 4 dagar 9 holur:

1. Reynir Róbertsson 74 punktar
2. Martha Lind Róbertsdóttir 57 punktur

Skýrsla forgjafarnefndar

Sumarið 2025 var með rólegra móti hjá forgjafarnefnd. Óskum um leiðréttingu forgjafar hefur fækkað til mikilla muna frá því fyrir nokkrum árum og svo virðist sem kylfingar telji forgjöf sína almennt nær raunveruleikanum.

Nokkuð hefur borið á því að kylfingar skrái einungis góðu hringina sína en láti vera að færa inn þá hringi sem eru síðri. Í sjálfu sér er það betra en ef þessu væri öfugt farið enda væri forgjöf kylfinga þá í mótum hærri en geta þeirra segði til um og líkur á röngum úrslitum meiri. Forgjafarnefnd hvetur þó alla kylfinga til að setja sem flesta hringi inn, bæði góða sem slæma, enda fæst með því sem raunhæfust forgjöf.

Fyrir golfsumarið 2025 var Garðavöllur tekinn út og vallarmati hans breytt, til lækkunar. Niðurstöður óformlegrar könnunar forgjafarnefndar eru á þá leið að þeir kylfingar Leynis sem hafa skráð hringi sína samviskusamlega í nokkur ár í forgjafarkerfið hækkuðu almennt í forgjöf í sumar. Hvort vallarmat Garðavallar sé rétt verða aðrir að meta en af úrslitum móta í sumar – jafnt innanfélagsmótum sem opnum mótum – má ráða að ekki er auðvelt að lækka sig í forgjöf á vellinum.

Framundan er tímabil golfherma sem verða vinsælli með hverju árinu. Margir kylfingar hafa verið duglegir að nýta sér hermana og komið sér upp sérstakri „hermaforgjöf“. Eitthvað er í það að sama forgjöfin gildi fyrir golfherma og hefðbundna golfvelli en gaman verður að heyra sögur af samanburði þessara tveggja forgjafa sem kylfingar hafa í vasanum nú þegar æ fleiri nýta sér tækni hermanna.

Forgjafarnefnd þakkar fyrir frábært golfsumar.

Akranesj, 18. nóvember 2025
F.h. forgjafarnefndar
Stefán Orri Ólafsson

Skýrsla kvennanefndar

Kvennanefnd Leynis fyrir árið 2025 var skipuð af eftirfarandi Leyniskonum:

- Elísabet Sæmundsdóttir – formaður og tengiliður við stjórn
- Díana Carmen Llorens Izaguirre
- Helga Rún Guðmundsdóttir
- Helga Dís Daníelsdóttir
- Jóna Björk Olsen
- Ruth Einarsdóttir
- Þórgunnur Stefánsdóttir



Nefndin hóf störf á vormánuðum 2025. Markmið hennar voru, eins og undanfarin ár, að hvetja konur í klúbbum til þátttöku bæði í kvennamótum og almennt í mótum á vegum klúbbsins.

Eins og fram kom í skýrslu nefndarinnar árið 2024 var ákveðið að draga úr dagskrá sumarsins vegna dræmrar þátttöku í fyrra. Mikil vinna var lögð í að setja saman dagskrá sem var því miður illa sótt.

Dagskráin sumarsins samanstóð

því af tveimur 9 holu mótum og einu 18 holu móti. Öll dagskrá nefndarinnar var vel auglýst í Facebook hóp Leyniskvenna sem telur í dag 266 konur.

<https://www.facebook.com/groups/624933591313827>

Birkir Þór Íþróttastjóri var með fastar æfingar í sumar fyrir þær konur sem höfðu hug á að spila sig inn í sveit og keppa fyrir hönd GL.

Íslandsmót golfklúbba 2.deildar kvenna var haldið á Garðavelli dagana 24.-26.júlí. Sveitin var skipuð Ruth Einarsdóttur, sem einnig var liðsstjóri, Helgu Rún

Guðmundsdóttur, Elísabet Valdimarsdóttur, Maríu Björgu Sveinsdóttur, Helenu Rut Steinsdóttur og Elínu Önnu Viktorsdóttur. Sveitin hafnaði í 3.sæti.

Íslandsmót golfklúbba 50+ var haldið í Vestmannaeyjum dagana 21.-23. ágúst. Sveitin var skipuð Ruth Einarsdóttur, Elísabet Valdimarsdóttur, Maríu Björgu Sveinsdóttur, Berglindi Helgu Jóhannsdóttur, Helgu Rún Guðmundsdóttur, Ellen Blumenstein, Ellen Ólafsdóttur og Ellu Maríu Gunnarsdóttur, sem einnig var liðsstjóri. Sveitin hafnaði í 6.sæti

Vön/óvön (9 holu mót) var á dagskrá þann 3.júní. Góð skráning var í mótið en því miður þurfti að fresta því vegna veðurs og fannst ekki ný dagsetning í ár. Við urðum varar við óánægju vegna þess og vonum því að ný nefnd haldi þessu móti áfram þar sem það hefur verið mjög vel sótt og konur verið spenntar fyrir því að kynna áhugasamar vinkonur fyrir golfíþróttinni.

Leynisskvísan var haldin 27.júní. Þetta var eina 18 holu mót sumarsins hjá kvennanefndinni. Keppt var í tveimur forgjafarflokkum. Skráningin í mótið var mjög dræm, eða aðeins 27 konur. Miðað við þessa skráningu og svo skráninguna hjá okkur



í þau mót sem aðeins eru 9 holur, er greinilegt að konur velja þau mót heldur. Leynisskvísan árið 2025 var Elísabet Valdimarsdóttir sem spilaði á 88 höggum.

Við enduðum svo kvennastarfið á Búbblumótinu þann 26. ágúst. Það er skemmst frá því að segja að þar var frábær þátttaka. 70 Leynisskonur voru skráðar til keppni og lukkaðist það afar vel. Við lokuðum sumrinu þetta kvöld með verðlaunaafhendingu

í skálanum, þar sem einnig var dregið úr fuglakassanum okkar.

Nefndin tilkynnti á lokakvöldinu að hún hygðist ekki gefa kost á sér áfram og hvatti konur til að gefa kost á sér í nefndina.

Ef við viljum öflugt kvennastarf þurfum við virka þátttöku. Starfið verður aldrei betra en krafturinn sem við setjum í það.

Takk fyrir okkur.

*Akranesi, 12. október 2025
Fyrir hönd kvennanefndar,
Elísabet Sæmundsdóttir, formaður*

Skýrsla vallarnefndar

Árið 2025 einkenndist af góðum gróanda og hagstæðum aðstæðum fyrir grasvöxt. Lengst af sumri voru kjöraðstæður, með undantekningu á köldu tímabili í byrjun júní. Óvenjuhlýr maímánuður skapaði þó áskoranir í vökvun, þar sem erfitt reyndist að halda í við vatnspörf flata og teiga á þeim tíma.

Mildur vetur gaf vonir um völl í frábæru standi að vori, en snemma í vor komu í ljós afleiðingar þar sem veikburða og óæskilegar grastegundir í flötum dóu þrátt fyrir milda og góða tíð í vetur. Þetta leiddi til grófari flata og tímabundinnar lokunar á 4. flöt fram í seinnipart júní.

Unnið er markvisst að því að bæta gæði flatanna til lengri tíma. Við fylgjumst árlega með ástandi rótarlags með jarðvegssýnum og nýtum niðurstöður þeirra í áburðaráætlanir næsta árs. Yfirsáning með betri grastegundum sem henta golfleik, með það að markmiði að auka gæði og vetrarþol flatanna, sérstaklega á viðkvæmum svæðum eins og 4. flötinni.

Þetta er tímafrek vinna og umskipti á verstu svæðum munu taka nokkur ár. Því er mikilvægt að sýna þolinmæði og treysta þeim upplýsingum sem við öflum um ástand flatanna.



Í ár hefur áhersla verið lögð á litlar en mikilvægar framkvæmdir sem bæta völlinn til framtíðar. Allir nýir teigar eru útbúnir sjálfvirku vökvunarkerfi, sem er lykilatriði í góðri ræktun og viðhaldi.

Í vor var ráðist í endurbætur á glompum við 8. holu. Þrjár glompur hægra megin við flöt voru sameinaðar í eina stærri og færðar fjær flötinni til að vernda gæði hennar. Þetta var nauðsynlegt þar sem fyrri staðsetning glompanna hafði farið að ógna gæðum flatarinna verulega.

Til að tryggja betri vatnsrennsli var lagt dren frá glompu og forflöt niður í skurð við 4. braut, um 120 metra leið. Umhverfi glompunnar var einnig endurmótað til að samræmast landslagi og bæta leikupplifun.

Aðrar framkvæmdir á starfsárinu:

Teigur á 6. braut (blár/rauður)

Teigurinn var endurbyggður þar sem hann hafði orðið ójafn með tímanum.

Vökvunarkerfi á 11. flöt

Sjálfvirkt vökvunarkerfi var sett upp til að tryggja betri vökvun og ræktun.

Vökvunarkerfi – betri nýting og skref í rétta átt



Við höfum innleiðingu á nýju vökvunarkerfi árið 2023 og höfum nú komið upp góðum grunni sem auðveldar okkur að bæta kerfinu við fleiri flatir og teiga á vellinum.

Kerfið er sjálfvirkt og stillanlegt, og gerir okkur kleift að vökva eftir raunverulegu ástandi flatanna og veðri hverju sinni. Með þessu nýtum við vatnið betur og tryggjum að hver flöt og teigur fái það sem hann þarf til að vaxa vel og haldast í góðu ástandi.

Kerfið hefur þegar verið sett upp á 2 flötum og öllum nýjum teigum, vökvunarkerfi verður áfram lykilverkfæri í ræktun og viðhaldi vallarins á næstu árum.

Sláttukerfi – Róbótar

Við höfum hafið innleiðingu á nýju sláttukerfi þar sem notast er við róbóta til að sinna reglulegri slætti á vellinum. Róbótarnir slá röff og tryggja jafnt yfirborð og samræmd gæði yfir tímabilið. Kerfið léttir álag á starfsfólk og gerir okkur kleift að beina athyglinni að mikilvægari verkum á vellinum. Með róbótunum getum við einbeitt okkur betur að því að bæta flatirnar og sinna smáatriðum í snyrtingu og umhirðu vallarins. Stefnum við á að slá um 90% röff og semiröff á vellinum innan fárra ára, samhliða því eða í framhaldi munum við færa slátt yfir á brautir.

Sjálfbóðaliðar og vorverkadagar

Á árinu voru haldnir tveir vorverkefnadagar þar sem sjálfbóðaliðar lögðu sitt af mörkum við snyrtingu og lagfæringar á völdum svæðum vallarins. Verkefnin náðu yfir hreinsun,



umhirðu og lokafrágang á framkvæmdum sem höfðu verið unnar yfir veturinn.

Þátttakan skipti sköpum fyrir undirbúning sumarsins og skapaði jákvæða stemningu innan klúbbsins. Við viljum þakka öllum þeim sem mættu og tóku þátt — framlag ykkar skilar sér beint í betri völl og sterkari samfélag.

Framkvæmdir fram undan – vetur og næsta ár

Á næstu misserum er stefnt að því að halda áfram umbótum á vellinum með eftirfarandi verkefnum:

- Klára uppbyggingu á gula teignum á 7. braut
- Drena æfingasvæðið til að bæta aðstæður og nýtingu
- Setja upp skotmörk á æfingasvæðinu
- Skipta út brúnni milli 4.–5. og 7.–8. fyrir ræsi
- Leggja vökvunarkerfi í 7. flöt
- Leggja rafmagn að útisalerni, sem veitir bæði rafmagn á salernið og möguleika á að halda áfram með róbotavæðingu sláttukerfisins
- Hreinsa skurði og tryggja betra frárennsli
- Halda áfram grisjun úr sér vaxins og ónýts gróðurs. Starfsmenn og vallarnefnd vinna nú að nýju gróðurplani sem styður við leikgæði, umhirðu og heildaryfirbragð vallarins

Viðhald og framtíðarsýn

Viðhaldsvinna heldur áfram með áherslu á sjálfbærni og gæði. Með markvissri uppbyggingu og vöktun stefnum við að því að bæta völlinn til lengri tíma og tryggja betri leikupplifun fyrir kylfinga.


Akranesi, 4. nóvember 2025

Einar Gestur Jónasson Vallarstjóri GL

Kristvin Bjarnson formaður Vallarnefndar

Helstu styktaraðilar Golfklúbbsins Leynis árið 2025









LEYNIR
GOLF

Ársreikningur 2025
Fjárhagsáætlun 2026


Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2024 til 31. október 2025 með undirritun sinni.


Akranesi, 25. nóvember 2025



Hróðmar Halldórsson Formaður Leynis


Ruth Einarsdóttir, gjaldkeri


Theodór Freyr Hervarsson, ritari


Óli Björgvin Jónsson, varaformaður



Elísabet Sæmundsdóttir, meðstjórnandi


Jóhannes Elíasson, varamaður



Rákel Óskarsdóttir, framkv.stjóri

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, höfum gert dreifikönnun á fylgigögnum í bókhaldi golfklúbbsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2024 til 31. október 2025 og borið saman við bókhaldsbækur, sem reyndust réttar. Teljum við að ársreikningurinn gefa glögga mynd af rekstri golfklúbbsins.



Elías H. Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður



Andrés Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður

Rekstraryfirlit

1. nóvember 2024 til 31. október 2025

Rekstrartekjur	Skýr.	2025	Áætlun 2025	2024
Félagsgjöld	1	- 80.666.100	83.000.000	- 61.931.532
Tekjur af velli	2	- 33.608.270	30.000.000	- 30.875.684
Tekjur af mótum	3	- 13.636.900	14.000.000	- 16.178.700
Rekstrarframlög og styrkir	4	- 55.140.157	50.000.000	- 48.414.135
Vörusala		- 11.572.421	9.000.000	- 7.422.046
Aðrar tekjur		- 48.961	500.000	- 744.289
Leigutekjur	5	- 13.613.851	11.000.000	- 10.538.520
		-208.286.660	197.500.000	-176.104.906
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	6	103.788.525	103.000.000	85.798.154
Rekstur vallar	7	26.062.801	21.000.000	20.426.057
Rekstur frístundarmiðstöðvar	8	19.359.863	16.000.000	15.884.013
Mótahald og keppniskostnaður	9	7.143.794	8.000.000	8.524.958
Barna- og unglingastarf	10	1.848.092	3.000.000	2.087.501
Gjöld til GSÍ		5.373.450	5.500.000	4.753.690
Kostnaðarverð seldra vara	11	10.049.819	8.500.000	7.238.234
Annar rekstrarkostnaður	12	5.605.036	7.000.000	2.989.179
		179.231.380	172.000.000	147.701.786
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		29.055.280	25.500.000	28.403.120
Afskriftir rekstrarfjármuna skv. fyrnignaskrá		- 16.039.443	- 16.100.000	- 9.033.601
Fjármagnskostnaður	13	- 3.885.408	- 1.500.000	- 1.517.623
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		272.317	-	1.825.000
Tekjur umfram gjöld (-gjöld umfram tekjur)		9.402.746	7.900.000	19.676.896

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2025

EIGNIR

	Skýr.	31.10.2025	31.10.2024
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Mannvirki		5.141.957	5.302.345
Framlag GL til frístundamiðstöðvar		44.262.748	46.011.898
Golfvöllur		77.097.468	78.543.692
Vélar og búnaður		67.676.197	62.520.645
Samtals varanlegir rekstrarfjármunir		194.178.369	192.378.580
SAMTALS FASTAFJÁRMUNIR		194.178.369	192.378.580
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur			
Vörubirgðir		1.594.163	877.679
Kortaviðskipti og samningar		0	26.500
Viðskiptakröfur		2.222.206	2.217.792
Inneign vsk		1.686.253	1.584.961
Samtals skammtímakröfur		5.502.622	4.706.932
Handbært fé			
Hlaupareikningur LÍ		1.641.560	1.576.298
Veltubréf LÍ		19.300.000	13.000.000
LÍ veltureikn. 601		3.290.205	7.438.164
Sjóður		52.276	0
Samtals handbært fé		24.284.041	22.014.462
SAMTALS VELTUFJÁRMUNIR		29.786.663	26.721.394
SAMTALS EIGNIR		223.965.032	219.099.973

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2025

SKULDIR OG EIGÐ FÉ

	Skýr.	31.10.2025	31.10.2024
EIGÐ FÉ			
Yfirfært frá fyrri árum		158.721.396	139.044.500
Hagn / -Tap á reikningsárinu		9.402.746	19.676.896
Samtals eigið fé		168.124.142	158.721.396
SKULDIR			
Langtímaskuldir			
Akraneskaupstaður skuld v. frístundarhúss		44.262.748	46.011.898
Landsbanki Íslands lán		6.588.583	7.803.959
Næsta árs afborgun		-1.278.572	-1.433.862
Samtals langtímaskuldir		49.572.759	52.381.995
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		1.846.175	1.150.373
Ógreidd laun og launatengd gjöld		3.084.665	5.332.704
Áfallnir vextir langtímalána		58.719	79.643
Næsta árs afborgun langtímalána		1.278.572	1.433.862
Samtals skammtímaskuldir		6.268.131	7.996.582
SAMTALS SKULDIR		55.840.890	60.378.577
SAMTALS SKULDIR OG EIGÐ FÉ		223.965.032	219.099.973

Skýringar	2025	2024
Sundurliðanir		
1 Félagsgjöld	80.666.100	61.931.532
Félagsgjöld fullorðinna	77.216.600	62.629.944
Samningar og samstarf	-	1.648.000
Árgjöld heiðursfélaga	932.000	- 638.000
Félagsgjöld barna og unglunga	2.517.500	1.587.588
2 Tekjur af velli	33.608.270	30.875.684
Vallarleiga	31.614.890	28.974.290
Tekjur af slætti	1.993.380	1.901.394
3 Tekjur af mótum	13.636.900	16.178.700
Tekjur frá 2023	-	2.523.900
Tekjur 2025	13.636.900	13.654.800
4 Rekstrarframlög og styrkir	55.140.157	48.414.135
Barna- og unglingastarf	2.399.293	3.660.980
Garðavellir húsaleigustyrkur	9.999.996	9.999.996
Akraneskaupstaður v. reksturs Garðavallar	21.961.466	20.961.487
Aðrir styrkir	20.779.402	13.791.672
5 Leigutekjur	13.613.851	10.538.520
Boltavél	3.582.451	2.461.420
Garðavellir	5.090.000	4.213.000
Golfbílar	2.471.900	1.867.000
Golfbúnaður	183.500	151.600
Golfhermir	2.286.000	1.845.500
6 Laun og launatengd gjöld	103.788.525	85.798.154
Barna- og unglingastarf	12.216.845	11.874.519
Garðavöllur	72.358.478	57.168.872
Skrifstofa	19.213.202	16.754.763
7 Rekstur vallar	26.062.801	20.426.057
Vallarviðhald efni og vinna	10.418.815	7.323.445
Pappír prentun	389.980	20.709
Rekstur fasteigna	917.872	720.780
Gámaþjónusta	785.868	486.174
Rekstur tækja	11.604.372	9.779.892
Annar rekstrarkostnaður	1.945.894	2.095.057
8 Rekstur Garðavalla	19.359.863	15.884.013
Aðkeypt þjónusta	700.000	439.208
Afnota- og þjónustugjöld	317.059	358.957
Húsaleiga Akraneskaupstaðar	9.999.996	9.999.996
Veitugjöld	3.416.743	3.853.181
Viðhald áhalda og tækja	1.807.072	1.057.408
Annar húsnæðiskostnaður	3.118.993	175.263

9 Golfmót	7.143.794	8.524.958
Aðkeypt þjónusta	3.625.851	4.097.465
Keppniskostnaður	2.075.476	2.794.959
Verðlaun og viðurkenningar	1.442.467	1.632.534
10 Barna- og unglingastarf	1.848.092	2.087.501
Aðkeypt þjónusta	746.500	817.376
Keppniskostnaður	363.900	505.596
Annar kostnaður	737.692	764.529
Gjöld til GSÍ	5.373.450	4.753.690
11 Verslun	10.049.819	7.238.234
Vörukaup	10.766.303	6.633.727
Birgðabreyting	- 716.484	604.507
12 Annar rekstrarkostnaður	5.605.036	2.989.179
Aðkeypt þjónusta	2.872.333	1.901.371
Pappír prentun ritföng burðargj.	142.786	18.972
Gjafir og viðurkenningar	246.574	144.199
Auglýsingar	245.944	334.905
Afnota- og þjónustugjöld	478.700	390.816
Viðhald áhalda og tækja	1.010.379	73.775
Annar kostnaður	608.320	125.141
13 Fjármagnstekjur og gjöld	3.885.408	1.517.623
Vaxtatekjur	- 388.571 -	389.888
Vaxtagjöld	1.058.890	398.498
Bankakostn. og þjónustugjöld	3.215.089	1.509.013

SJÓÐSSTREYMI

01.11.2024 - 31.10.2025

	Árið 2025	Árið 2024
Hagnaður (tap) ársins	9.402.746	19.676.896
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi -	272.317 -	1.825.000
Afskriftir	16.039.443	9.033.601
Veltufé frá rekstri	25.169.872	26.885.497
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	- 716.484	604.507
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	- 79.206 -	2.476.878
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	- 1.573.161 -	664.572
Nettó breyting -	2.368.851 -	2.536.943
Handbært fé frá rekstri	22.801.021	24.348.554
Fjárfestingarhreyfingar		
Eignfærðar framkvæmdir á velli	- 1.552.488 -	4.401.960
Keypt tæki	- 16.314.429 -	26.149.770
Seld tæki	300.000	6.400.000
Fjárfestingarhreyfingar -	17.566.917 -	24.151.730
Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin lán	7.000.000	8.000.000
Afborganir langtímaskulda	- 9.964.526 -	3.391.019
Fjármögnunarhreyfingar -	2.964.526	4.608.981
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	2.269.579	4.805.805
Handbært fé í upphafi árs	22.014.462	17.208.659
Handbært fé í lok árs	24.284.041	22.014.462

Fjárhagsáætlun 2026

1. nóvember 2025 til 31. október 2026

Rekstrartekjur	Skýr.	Áætlun 2026	2025
Félagsgjöld	1	90.000.000	80.666.100
Tekjur af velli	2	33.000.000	33.608.270
Tekjur af mótum	3	14.000.000	13.636.900
Rekstrarframlög og styrkir	4	60.000.000	55.140.157
Vörusala		11.000.000	11.572.421
Aðrar tekjur		100.000	48.961
Leigutekjur	5	12.500.000	13.613.851
		220.600.000	208.286.660
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	109.000.000	103.788.525
Rekstur vallar	7	25.000.000	26.062.801
Rekstur frístundamiðstöðvar	8	18.000.000	19.359.863
Mótahald og keppniskostnaður	9	8.500.000	7.143.794
Barna- og unglingastarf	10	4.000.000	1.848.092
Gjöld til GSÍ		6.000.000	5.373.450
Kostnaðarverð seldra vara	11	10.000.000	10.049.819
Annar rekstrarkostnaður	12	10.000.000	5.605.036
		190.500.000	179.231.380
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		30.100.000	29.055.280
Afskriftir rekstrarfjármuna skv. fyrningaskrá		- 18.100.000	- 16.039.443
Fjármagnskostnaður	13	- 3.800.000	- 3.885.408
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		-	272.317
Tekjur umfram gjöld (-gjöld umfram tekjur)		8.200.000	9.402.746

SJÓÐSSTREYMI

01.11.2025 - 31.10.2026

	Áætlun 2026	Árið 2025	Árið 2024
Hagnaður (tap) ársins	8.200.000	9.667.878	19.676.896
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	-	272.317	- 1.825.000
Afskriftir	18.100.000	15.817.946	9.033.601
Veltufé frá rekstri	26.300.000	25.213.507	26.885.497
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	- -	716.484	604.507
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	- -	79.206	- 2.476.878
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	- -	1.576.800	- 664.572
Nettó breyting	- -	2.372.490	- 2.536.943
Handbært fé frá rekstri	26.300.000	22.841.017	24.348.554
Fjárfestingarhreyfingar			
Eignfærðar framkvæmdir á velli	- 5.000.000	- 1.552.488	- 4.401.960
Keypt tæki	-15.000.000	-16.314.429	-26.149.770
Seld tæki		300.000	6.400.000
Fjárfestingarhreyfingar	-20.000.000	-17.566.917	-24.151.730
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin lán	-	7.000.000	8.000.000
Afborganir langtímaskulda	- 3.279.000	-10.004.522	- 3.391.019
Fjármögnunarhreyfingar	- 3.279.000	- 3.004.522	4.608.981
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	3.021.000	2.269.578	4.805.805
Handbært fé í upphafi árs	24.284.039	22.014.462	17.208.659
Handbært fé í lok árs	27.305.039	24.284.039	22.014.462



Golfklúbburinn Leynir

Grímsholti, 300 Akranes

Sími: 431 2711

leynir@leynir.is

www.leynir.is